

**Fjölfiskur: Rannsóknarborun í Keflavík  
vestan við Þorlákshöfn**

**Kristján Sæmundsson, Björn A. Harðarson**

**Greinargerð KS-BAH-88-04**

## FJÖRFISKUR: RANNSÓKNARBORUN Í KEFLAVÍK VESTAN VIÐ ÞORLÁKSHÖFN

Í byrjun febrúar 1988 var boruð rannsóknarhola í Keflavík vestan við Þorlákshöfn til að kanna lagskiptingu bergs, grunnvatns og jarðsjávar. Holan er 57 m djúp, fóðruð með 2 1/2" raufuðu plasti, en stífluð í 53 m. Að boruninni stóð nýstofnað fiskeldisfyrirtæki "Fjörfiskur hf".


Lagskipting bergs er sýnd á mynd 1. Beltótt hraun nær niður í 12 m. Frá 12-14 m er gjallkennt og glerkennt hraun. Frá 14 m til botns í holunni (57 m) er bólstrabergsmulningur, þ.e. sá hluti hraunsins sem hefur storknað neðansjávar. Samkvæmt reynslunni annars staðar í Þorlákshöfn þar sem borað hefur verið í sama hraunið er það mjög lekt einkum bólstrabergsmulningurinn. Lagskipting og hiti grunnvatns og sjávar í holunni er sýnt á 2. mynd. Mælingin var gerð þ. 3.3.1988, mánuði eftir að borun holunnar lauk. Vatn nær niður í 34 m. Frá 34-38 m er blandlag af sjó og vatni, en fullsaltur sjór fyrst neðan 50 m. Seltumælirinn er ekki nákvæmlega réttur í 25‰ söltum sjó og saltari. Seltan frá 38 m í 42 m er líklega nær 30‰ en 25‰. Sjótökuholur þarf að fóðra með heilu röri niður í 42-50 m.

Skynsamlegast væri að bora fyrstu holuna niður í ca. 70 m þar eð ekki var komið niður úr bólstraberginu í 57 m en von er um góða leiðni í því til botns og þá jafnframt fulla sjávarseltu, auk hærri og jafnari hita. Vatnsholur ætti að nægja að bora 5-10 m niður í vatnslagið þar sem lekt á skilum bólstrabergs og hrauns er væntanlega mjög góð.

  
Kristján Sæmundsson

Björn A. Harðarson



KEFLAVIK - ÞORLÁKSHÖFN  
HOLA 1, dýpi 57 m, fóðring 2 1/2" raufað plast



# KEFLAVIK H-1

Hiti °C

Selta ‰



-- o -- 880303 Grunnvatnsborð 9.5 m.